

Landgræðsla ríkisins  
Áskell Þórisson  
Gunnarsholti  
851 Hella

Reykjavík, 28. júní 2021  
UST202105-077/A.B.  
10.05.00

## **Efni: Drög - Landgræðsluáætlun 2021 - 2031 og umhverfismat – Landgræðslan**

Vísað er til erindis verkefnisstjórnar landgræðsluáætlunar er barst 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að landgræðsluáætlun 2021-2031 og um drög að umhverfismati áætlunarinnar

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt 6. gr laga um landgræðslu (155/2018) skal umhverfis- og auðlindaráðherra gefa út, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, landgræðsluáætlun sem gildir til 10 ára í senn. Í henni skal kveðið á um framtíðarsýn og stefnu stjórnvalda í landgræðslu með hliðsjón af markmiðum landgræðslulaganna. Í áætluninni skal meðal annars gera grein fyrir hvernig gæði lands eru best varðveitt, hvernig megi efla og endurheimta röskuð vistkerfi og setja fram tillögur um breytingar á nýtingu lands þar sem það á við.

### **Náttúruminjaskrá**

Í áætluninni kemur fram að landgræðsluáætlun tengist ýmsum öðrum stefnum og áætlunum stjórnvalda. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með gildistöku náttúruverndarlaga nr. 60/2013 fékk náttúruverndaráætlun heitið framkvæmdaáætlun og er einn hluti náttúruminjaskrár.

### **Friðlýst svæði**

Umhverfisstofnun vill benda á að í 70. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að við uppgræðslu lands og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Auk þess segir í lögunum að við gerð áætlana skuli taka afstöðu til þessara atriða. Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að áætlunin taki mið af friðlýsingarskilmálum friðlýstra svæða og að landgræðsla á jaðri friðlýstra svæða hafi ekki áhrif á verndargildi svæðanna. Stofnunin gerir ráð fyrir að unnið verði að slíkum verkefnum í samvinnu við stofnunina. Í tengslum við aðgerðaráætlun í loftslagsmálum hefur Umhverfisstofnun í samstarfi við Landgræðsluna hafið vinnu við að greina tækifæri til að auka vernd votlendis og snýr ein aðgerðin að endurheimt votlendis í tengslum við verndun svæða. Þá hefur Umhverfisstofnun einnig áhuga á að efla enn frekar endurheimt vistkerfa innan friðlýstra svæða í umsjón stofnunarinnar. Umhverfisstofnun stefnir á að fjalla ítarlegar um endurheimt vistkerfa í stjórnunar- og verndaráætlunum sem og endurheimtaraðgerðir í tengslum við

friðlýsingarskilmála þegar verið er að vinna að nýjum friðlýsingum. Umhverfisstofnun telur samstarf stofnana lykilatriði til að ná sem bestum árangri.

Sem dæmi um nýlega friðlýsingarskilmála má nefna m.a. auglýsingu vegna friðlýsingar svæða í Þjórsárdal, en þar kemur fram að markmið friðlýsingarinnar sé að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni með verndun vistkerfa og að stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa með áframhaldandi vinnu við uppgræðslu og endurheimt birkiskóga.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í áætluninni hvernig tekið verði á útbreiðslu ágengra tegunda frá eldri sáningarsvæðum sem geta haft áhrif á friðlýst svæði eins og í Þjórsárdal.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að svæðisáætlanir landgræðslu taki einnig mið af ofangreindu.

### **Hvatning til náttúruverndar**

Umhverfisstofnun tekur undir þá áherslu að auka almenna þekkingu og víðtækt samstarf um vernd, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa en í greinargerð kemur fram mikilvægi víðtækrar upplýsingagjafar og að öflugt hvatakerfi sé til staðar sem ýti undir þátttöku, samvinnu, stuðning og frumkvæði almennings, fyrirtækja og félagasamtaka í vernd og endurheimt vistkerfa, með og án aðkomu hins opinbera.

### **Landslag**

Eins og stofnunin benti á að ofan segir í 70. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 að við uppgræðslu lands og aðra ræktun skuli þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands. Umhverfisstofnun bendir á að áætlunin fjallar einnig um landslag og hvernig stefna endurheimtar endurspegli einnig stefnu um ásýnd landslags. Í því samhengi má leggja áherslu á framkvæmd endurheimtar eins og nýtingu staðargróðurs þegar kostur er til þess að forðast neikvæð áhrif á ásýnd svæða og landslags.

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að það komi fram í áætlun stefnu um landgræðslu á svæðum (þar meðtalið jaðarsvæði „bufferzone“) með sérstaka vernd eins og eldvörp, eldhraun, gervigíga og hraunhella, sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma, en þessi svæði falla öll undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess falla fossar og nánasta umhverfi þeirra, að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum, undir b. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur að móta þurfi framtíðarstefnu í áætluninni sem taki mið af verndargildi þessara svæða.

### **Endurheimt votlendis**

Umhverfisstofnun tekur undir áherslur fyrir markmið 1.2. sem felst í því að tryggja að óröskuðu votlendi sé ekki raskað og að hnignuðu votlendi sé ekki raskað frekar. Í ljósi þess að skortur sé á skilningi um virkni og mikilvægi votlendis og þeirri tortryggni sem ríkir um loftslagsávinning af endurheimt fagnar Umhverfisstofnun því að verið sé að byggja upp kerfi sem mun gefa betri mynd af því hvernig hægt er að meta breytingar á virkni vistkerfa og vistgetu. Þá telur Umhverfisstofnun einnig að auknar rannsóknir á ávinningi endurheimtar votlendis muni verða til þess að þekking á málaflokknum aukist

og tekur undir mikilvægi þess að áhersla verði lögð á frekari rannsóknir og þróun á aðferðafræði.

Til viðbótar við þær tillögur sem Umhverfisstofnun og Landgræðslan hafa unnið saman um samþættingu friðlýsinga, friðunar, stjórnunar- og verndaráætlana og endurheimtar votlendis telur Umhverfisstofnun að taka mætti til skoðunar markmið um að kolefnisrík vistkerfi verði vernduð gegn raski og verði samþætt markmiðum 61. gr. náttúruverndarlaga um verndun votlendis.

### **Samþætting áætlana**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að stofnanir auki og samþætti mikilvægar áætlanir, svo sem aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, landgræðsluáætlun, náttúruminjaskrá og landsskipulagsstefnu þannig að áætlanirnar og aðgerðirnar sem þeim tengjast vinni saman.

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Þórdís Björt Sigþórsdóttir  
sérfræðingur